


**78. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, föstudaginn 24. apríl 2026, kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Ólafur Jósef Ólafsson. Kristófer Arnfjörð Tómasson boðaði forföll.

**Fundargerð ritaði:** Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

- 1. Virkjun borholu á Laugarvatni - 2503035**  
Lagnaleið frá borholu á Laugarvatni.  
*Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði að þeirri tillögu sem fram kemur í gögnum, um lagnaleið í Garðsstíg.*
- 2. Söfnunartankur fyrir kalt vatn við Laugarvatn - 2509017**  
Staða framkvæmda.  
*Farið var yfir stöðu verksins. Unnið er að lagfæringu á slóða að verkstað og í framhaldi af því hefjast framkvæmdir við plan. Tankar eru komnir úr framleiðslu.*
- 3. Umsókn um heimlögn, Hverabraut 1, heitt og kalt - 2603040**  
Umsókn um heimlögn vegna Fontana, Hverabraut 1, Laugarvatni  
*Umsókn Fontana liggur frammi, ásamt minnisblaði Eflu Verkfræðistofu frá 24.05.2024. Framkvæmda- og veitunefnd óskar eftir fundi með framkvæmdaraðilum varðandi upplýsingar um áætlaðar sveiflur og toppa.*
- 4. Viðhald búningsklefa í íþróttahúsinu á Laugarvatni - 2604026**  
Sviðsstjóri fer yfir fyrirhugaðar framkvæmdir.  
*Lagt var fram yfirlit yfir áætlaðar framkvæmdir.*
- 5. Göngustígar, lagning og klæðning 2026 - 2604032**  
Verkefni ársins 2026 á sviði göngustíga  
*Frestað til næsta fundar.*
- 6. Útboð yfirborðsfrágangs Borgarrimi - 2603037**  
Tillaga um töku tilboðs í verkið.  
*Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að tilboði lægstbjóðanda, Gröfútækni ehf, verði tekið.*



**7. Sláttur og hirðing Laugarvatn, 2026-2029 - 2601047**

Tillaga um töku tilboðs.

*Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að tilboði lægstbjóðanda, Símonar G. Ragnarssonar, verði tekið.*

**8. Útboð sundlaugar í Reykholti - 2505017**

11. verkfundur haldinn 09.03.2026

12. verkfundur haldinn 30.03.2026

*Fundargerðirnar voru lagðar fram.*

**9. Viðhald Aratungu 2025/2026 - 2508030**

Upplýsingar um stöðu utanhúsviðhalds.

*Verkið er á áætlun í sumar.*

**10. Skólavegur viðhald - 2510030**

Viðhald Skólavegar

*Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við að verkinu verði frestað og ráðist verði í heildarendurbætur á götunni síðar, m.a. hvað varðar gönguleiðir, hraðahindranir, lagnaleiðir og mögulega vegrið.*

**11. Viðhald og holufyllingar gatna 2026 - 2604033**

Almenn viðhaldsverkefni gatna

*Unnið er að viðhaldi gatna og verður áfram á dagskrá.*

**12. Starfsleyfi fráveitu Laugarvatni - 2604029**

Starfsleyfi ásamt starfsleyfisskilyrðum fyrir fráveitu á Laugarvatni.

*Starfsleyfi fráveitu á Laugarvatni var lagt fram.*

**13. Vöktun Laugarvatns - 2604028**

Tilboð í sýnatöku vegna vöktunar Laugarvatns.

*Lagt var fram tilboð ReSource International ehf í sýnatöku vegna vöktunar Laugarvatns, skv. starfsleyfisskilyrðum starfsleyfis. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að tilboðinu verði tekið.*

**14. Ljósleiðaravæðing Bláskógaveitu - 2503037**

Tillaga um að auglýst verði útboð vegna ljósleiðaravæðingar Bláskógaveitu.

*Útboðsgögn liggja fyrir. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að útboðið verði auglýst.*

**15. Ljósleiðaratenging Borgarás - 2601044**

Tillaga um að auglýst verði eftir tilboðum í verkið lagning ljósleiðara í Borgarás.

*Verkið er hluti af verkinu ljósleiðaravæðing Bláskógaveitu og boðið út sem hluti af því.*

JFS  
TJK  
SA

**16. Ráðning flokkstjóra vinnuskóla 2026 - 2603036**

Ráðning flokkstjóra vinnuskóla. Upplýsingar um ráðningarferli.

*Engar umsóknir hafa borist. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur.*

**17. Ráðning starfsmanns framkvæmda- og veitusviðs - húsvarðar - 2602031**

Upplýsingar um ráðningarferli.

*Farið var yfir stöðu ráðningarferlis. Gert er ráð fyrir að því ljúki í næstu viku.*

**18. Samningur um aðalskoðun leiksvæða 2026 - 2602040**

Samningur við BSI á Íslandi um aðalskoðun leiksvæða

*Samningurinn var lagður fram.*

**19. Eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2026 - 2604027**

Niðurstöður neysluvatnssýna.


*Skýrslan var lögð fram til kynningar. Sýni stóðust kröfur reglugerðar 536/2001, um neysluvatn.*


**20. Eftirlitsskýrslur Vinnueftirlits ríkisins 2026 - 2604031**


Eftirlitsskýrslur vegna leikskóla


*Lagt fram til kynningar.*


Fundi slitið kl. 11:50.

  
Stefanía Hákonardóttir

  
Helgi Kjartansson

  
Jón Forni Snæbjörnsson

  
Ásta Stefánsdóttir

  
Benedikt Skúlason

  
Ólafur Jósef Ólafsson

